

Félagsmálanefnd Alþingis
Austurstræti 8 -10

101 REYKJAVÍK

08.04.02

02-0165
000.21/003.1

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Hér að neðan eru að finna athugasemdir vegna ofangreinds frumvarps.

Meginefni þessara athugasemda er að í lögunum verði að vera skýr ákvæði um skyldu vinnuveitenda til þess að koma á skipulegri starfsmannaheilsuvernd í samræmi við 65gr laganna, hvort sem það verði gert með samningi við þjónustuaðila eða verði á höndum starfsmanna fyrirtækisins sjálfs.

Í ljósi þess að gerð er tillaga um að 66gr laga nr 46/1980 verði felld niður þarf að skerpa betur á að heilsuvernd starfsmanna verði starfrækt eins og 3gr frumvarpsins og meðfylgjandi greinargerð gera ráð fyrir

3gr.

1 mgr hljóði því svo:

*„Atvinnurekandi ber ábyrgð á að gert sé skriflegt mat um áhættu í störfum. Þegar áhættumatið liggur fyrir skal atvinnurekandi gera skriflega áætlun um forvarnir og **gera** ráðstafanir um öryggi og heilsuvernd starfsmanna á vinnustað, **sbr. 65. gr. laga þessara**. Hafa skal samráð við fulltrúa starfsmanna, sbr. II. kafla laga þessara.“*

*Síðast mgr hljóði því svo: „Félagsmálaráðherra setur reglur, að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, um framkvæmd þessa ákvæðis, þar á meðal um áhættumat, gerð og frágang skjala sem tengjast því, **framkvæmd starfsmanna heilsuverndar**, skilyrði sem þjónustuaðili skv. 3. mgr. skal uppfylla til að hljóta viðurkenningu Vinnueftirlits ríkisins, forvarnir **og framkvæmd þeirra** með hliðsjón af eðli og stærð fyrirtækja og um úrlausn ágreiningsefna“*

Varðandi 9.gr. b.2.

Varðandi vinnutímatilskipanir þá verður að teljast óeðlilegt að í frumvarpinu skulu læknar í starfsnámi undanþegnir ákvæðum um vinnutíma sem settar eru fyrir vinnandi fólk til að vernda öryggi þess og heilsu. Mælt er með því að undanþágan verði felld niður.

Við viljum benda á að fyrir liggur að kostnaður Vinnueftirlits ríkisins vegna lagabreytinganna verður meiri en gert er ráð fyrir í greinargerð fjármálaráðuneytisins sem fylgir frumvarpinu. Þetta er vegna þess að nú er ekki gert ráð fyrir að meginþorri vinnuveitenda geri samninga við viðurkennda þjónustuaðila vegna starfsmannaheilsuverndar eins og gert var ráð fyrir í frumvarpi sem lagt var fyrir síðasta þing.

Stjórnsýsla og eftirlit vegna vinnutímaákvæða mun einnig hafa í för með sér kostnað sem ekki hefur verið tekið tillit til.

Einnig er rétt að fram komi að stofnunin hefur ekki fengið fjárveitingu vegna stjórnsýslu og eftirlits með lagaákvæðum um varnir gegn meiriháttar iðnaðarslysum. Vinnueftirlitinu var árið 1996 var falið þetta hlutverk með reglugerð, en nú er gert ráð fyrir að það verði lögfest

Það er mat undirritaðs að kostnaður Vinnueftirlitsins vegna lagabreytinganna í heild verði 20 - 30 mkr á ári, en ekki 8 mkr eins og fjármálaráðuneytið gerir ráð fyrir.

Þessi viðbótarkostnaður yrði greiddur af atvinnulífinu í gegnum hlut Vinnueftirlitsins í tryggingargjaldi.

Virðingarfyllt



Eyjólfur Sæmundsson

forstjóri

sign.